

Íslenskur iðnaður

04. tölublað 16. árg.

Apríl 2010

Samtök iðnaðarins

SI



„Veljum íslenskt - okkar hagar“

500 íslenskir stólar í HOF menningarhús á Akureyri

Bólsturverk, Zenus bólstrun og Sóló húsgögn hafa nýverið lokið við framleiðslu á 500 fellanlegum stólum fyrir HOF, nýja menningarhúsið á Akureyri. Framleiðsla og bólstrun stólanna er kærkomið samstarfsverkefni fyrir íslenska framleiðendur og bólstrara.

Skapar verðmæti og sparar gjaldeyri

Verkinu lauk núna í apríl og óhætt er að segja að um viðamikil verkefni hafi verið að ræða, en undirbúningur og vinna hefur tekið um eitt ár. Að verkinu komu í heild 70-80 manns, þ.e. við hönnun, verkfræði, stálsmiði og tréverk, bólstrun, flutninga og uppsetningu. Lætur nærri að verkið jafngildi fjórum ársverkum.

Loftur Þór Pétursson hjá Bólsturverki segir þýðingu þess að vinna svona verk á Íslandi margvíslega. „Hér er um að ræða alvöru verðmætasköpun sem er gjaldeyrisparandi, auk þess sem hugvit, þekking og reynsla fær útrás. Svo má auðvitað nefna að nýting á tækjum, húsnæði og mannskap verður góð.“

SI ESB samningaferlið

Almennur félagsfundur SI var haldinn á Grand Hótel Reykjavíkur 14. apríl. Yfirskrift fundarins var **Aðildarviðræður við ESB – samningaferlið**. Tilgangur fundarins var að ræða um samningaviðræður Íslands og ESB um aðild Íslands að ESB. Samningaferlið, samningsmarkmið og hagsmunir iðnaðarins voru til umfjöllunar.



Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI setti fundinn með þeim orðum að það hefði í árarar verið stefna Samtakanna að kanna ætti til hlítar þá leið að ganga í ESB. Stöðugleika sé þörf svo hér sé hægt að byggja upp öflugan iðnað og atvinnulíf.

Sjá nánar á bls. 5

Veljum íslenskt

Loftur Þór segir vert að hrósa Akureyringum fyrir þá ákvörðun að velja íslenska framleiðslu í menningarhúsið, ekki síst á tímum eins og þeim sem við lifum nú. Stóllinn hafi verið valinn úr hópi 13 annarra, þar sem 11 voru erlend framleiðsla. „Í Tónlistarhúsinu Hörpu verða held ég, um 2500 sambærilegir stólar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, verða þeir allir keyptir erlendis frá. Við getum spurt okkur, hversu mikinn dýrmætan gjaldeyri hefði verið hægt að spara ef ráðamenn þess húss hefðu tekið skynsamlegri ákvörðun. Erlendis er það meðvitað ákvörðun ráðamanna að kaupa innlend húsgögn í opinberar stofnanir. Þrátt fyrir kreppu og volæði á Íslandi, hefur lítið breyst í hugarfari ráðamanna að þessu leyti. Það er dapurlegt“ segir Loftur.

Stólarnir eru hannaðir af Guðmundi Einarssyni hjá Prologus, íslensku hönnunarhúsi sem sérhæfir sig í hönnun, framleiðslu og sölu á húsgögnum og innanstokksmunum fyrir fyrirtæki og heimili.

bls. 2



Hroll-
vekjandi sýn

bls. 3



Íbúða-
byggingar
'95 -'09

bls. 4



Alcoa
prófar nýja
tækni

bls. 6



Nýr
framleiðslu-
búnaður

bls. 7



Aðalfundur Málmis:
Naúðsyn
á fjölgun
iðnnema

Hrollvekjandi sýn

Í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans sagði seðlabankastjóri að það væri „tálsýn að halda að umtalsverður viðsnúningur yrði í fjárfestingum væru vextir lækkaðir verulega“. Hér er ný kenning á ferðinni sem er í algerrí mótögn við viðteknar hagfræðikenningar. Þessi kenning gengur ennfremur þvert á hugmyndafræði Seðlabanka Íslands og peningastefnuna sem núverandi stjórnendur bankans lögðu grunn að. Kenningin er auk þess í mótögn við starfshætti allra seðlabanka í heiminum.

Vissulega er rétt að erlent lánsfé vantar á viðráðanlegum kjörum til að koma stórframkvæmdum í gang en mörg önnur verkefni og tækifæri liggja í fyrirtækjum landsins. Bankarnir eru fullir af fé sem nýtast hvorki til nýfjárfestinga, viðhalds eða nýsköpunar m.a. vegna þess að vextir eru svo háir. Ef horft er aftur í tímann má glögglega sjá að sterkt samhengi er á milli vaxtakjara og fjárfestinga. Lækkun vaxta og fjármagnskostnaðar eykur fjárfestingu og kemur hreyfingu á fjármagnnið. Í sögulegu samhengi og ljósi hagrænna lögmála gengur þessi kenning því ekki upp.

Algjör mótögn


Í ræðu seðlabankastjóra kom einnig fram að skortur á erlendu lánsfé hamli fjárfestingu hér á landi. Á sama tíma segir hann að nauðsynlegt sé að skuldbreyta erlendum skuldum í innlenda mynt til að minnka vægi erlendra þátta í efnahagsreikningum banka og fyrirtækja. Þetta tvennt virðist í algerrí mótögn við hvort annað þar sem fyrst er lagt til að tekin séu erlend lán til að fjárfesta en á sama tíma eigi að skuldbreyta erlendum lánum í innlend. Þetta virðist einnig vera í mótögn við þá kenningu að veruleg lækkun vaxta örvi ekki fjárfestingu.

Engin sérstök ástæða er til að efast um hagfræðilega hæfni stjórnenda bankans en hvað býr þá að baki slíkum orðum sem við fyrstu sýn ganga alls ekki upp?

Óvissa er óþolandi

Ef það er eitthvað sem letur fjárfesta og fjármagnseigendur er það óvissa og áhætta. Fyrirkomulag peningamála og efnahags- og atvinnustefna stjórnvalda er óljós og engin pólitísk samstaða um hvert skal halda.

Vonandi er það ekki mat seðlabankastjóra að óvissa og ósamstaða sé svo mikil að aðstæður til atvinnusköpunar



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

séu svo erfiðar að veruleg lækkun vaxta skipti engu máli. Það er hrollvekjandi ef sú er raunin.

Plan B

Sýn seðlabankastjóra á framvindu efnahagsmála ef ekki næst að endurfjármagna skuldir hins opinbera og styrkja gjaldeyrisvaraforðann er ekki síður hrollvekjandi en nýja hagfræðikenningin. Gjalddeyrisforðinn dugar fyrir afborgun þessa árs og næsta en þá er hann búinn. Plan B fellst þá í því að leyfa gengi krónunnar að falla hressilega og auka enn á afganginn af vöruskiptum til að safna í gjaldeyrisvaraforða. Plan B felur þannig í sér þungar byrðar á fyrirtæki og heimili í landinu.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra sagði í sinni ræðu á sama fundi að erfitt verði að byggja upp skilvirkt fjármálakerfi hérlendis án þess að það fái traustari grunn til að byggja á en íslensku krónuna. Íslendingar munu þá búa áfram við óstöðugra verðlag, meiri gengissveiflur og hærri vexti, bæði raunvexti og nafnvexti, en viðskiptalönd okkar. Kostir sveigjanleikans sem sjálfstæð mynt gefur vegi ekki þungt á móti

þessu. Full ástæða er til að staldra við þessi orð í ljósi þeirrar rússíbanareiddar sem krónan og hagstjórn síðustu ára hefur verið.

Skýrir valkostir

Íslenskt atvinnulíf þarf á traustu fjármálakerfi að halda sem miðlar sparnaði frá þeim sem spara til þeirra sem vilja framkvæma og byggja upp. Þannig ýtir samhengi sparnaðar og fjárfestinga undir aukna verðmætasköpun og betri lífskjör. Vandséð er hvernig það á að vera hægt í litlu bankakerfi sem er að verulegu leyti einangrað frá umheiminum og byggt á lítilli óstöðugri mynt.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra eru báðir fagmenn sem þekkja stöðu þjóðarþúsins og þær ógöngur sem peningastefnan hefur ratað í. Af orðum þeirra má ráða að brýnt sé að eyða óvissu í peninga- og efnahagsmálum. Við eigum þá kosti eina að halda krónunni í skjóli hafta um ókomna framtíð eða ganga í ESB og taka upp evru. Enginn vafi er á því hvor leiðin sé hagfeldari fyrir iðnað í landinu.



Útibúi lokað á Akureyri

Á síðustu misserum hefur verið leitað allra leiða til þess að auka þjónustu og baráttu SI fyrir bættum starfsskilyrðum samtímis því að hagræða í eigin rekstri. Nú síðast var gripið til þess ráðs að fækka um tvo í starfslíðinu og loka skrifstofu sem SI hafa rekið á Akureyri um margra ára skeið. Við þessar breytingar hætta störfum þau Valdís Axfrjörð Snorradóttir í Reykjavík og Ásgeir Magnússon á Akureyri. Þeim eru þökkud vel unninn störf um margra ára skeið og óskað velfarnaðar.

Þrátt fyrir þessar breytingar verður ekki dregið úr starfsemi og þjónustu Samtaka iðnaðarins, hvorki á Akureyri né annars staðar á landinu. Þvert á móti er ætlunin að efla og bæta þjónustuna en með minni tilkostnaði í mannahaldi og skrifstofurekstri.

Nox Medical hlýtur Nýsköpunarverðlaun



Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra og Sveinbjörn Höskuldsson framkvæmdastjóri Nox Medical

Nox Medical hlaut Nýsköpunarverðlaun Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs árið 2010 sem afhent voru á Nýsköpunarþingi í mars. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra afhenti Sveinbirni Höskuldssyni framkvæmdastjóra Nox Medical verðlaunin.

Fyrirtækið var stofnað í júní 2006 með það að markmiði að hanna svefngreiningarbúnað sem hentaði jafnt börnum sem fullorðnum, en á þeim tíma var ekki

til búnaður sem sérstaklega hafði verið hannaður með börn í huga.

Verðlaunin eru veitt fyrirtækjum sem hafa þótt skara fram úr í þróun nýrrar vöru eða þjónustu sem byggð er á rannsókn- og vísindastarfi og náð hefur árangri á markaði. Á meðal fyrirtækja sem hlotið hafa Nýsköpunarverðlaunin eru ORF Líftækni (2008), CCP (2005), Bláa Iónið (2000) og Íslensk erfðagreining (1998).

Nýir félagsmenn



Ýmir Mobile ehf.
 Ásabraut 15
 240 Grindavík

FGP ehf.
 Strandgötu 11
 220 Hafnarfjörður

Dexoris ehf.
 Kirkjusandi 3
 105 Reykjavík

Snerta ehf.
 Tjarnargötu 14
 190 Vogar

Adakris UAB
 Skútuvoði 1G
 104 Reykjavík

Vegamálu ehf.
 Ennishvarf 15a
 203 Kópavogur

„Miklir möguleikar í iðn- og verknámi,“ segja nemendur og kennarar við Tækniskólann

Nýlega heimsóttu iðnmeistaraneimar og diplómanemar SI. Með í för voru kennarar deildanna. Samtökin kynntu stefnu sína og starfsemi í menntamálum. Kennarar og nemendur töldu að ímynd iðn- og tæknináms væri að eflast. Þessi menntun skilaði ungu fólki augljósum tækifærum. Góð störf væru í boði í flestum greinum. Þrátt fyrir allt væri samt mikilvægt að herða kynningu á iðn- og tækninámi.

„Iðngreinararnar eru mikilvæg undirstaða þeirra framleiðslu- aukningar sem við þurfum svo mjög á að halda á næstu árum,“ sagði einn fundarmanna.

Almennt lýstu nemendur og kennarar yfir velpóknun á samstarfi atvinnulífs og skóla eins og það birtist í starfsemi Tækniskólans. Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að atvinnulífið sækji aukna framleiðni og samkeppnishæfni í betur menntaðan mannaúð. Í því tilliti töldu fundarmenn starfsemi Tækniskólans, sem og annarra iðnskóla, afar mikilvæga. Kennarar og nemendur nefndu að samstarf Tækniskólans og fyrirtækja byði upp á fjölmörg ónýtt tækifæri sem nýta bæri á næstu árum.



Alcoa prófar nýja tækni til að virkja sólarorku

Alcoa og rannsóknamiðstöð orkumálaráðuneytis Bandaríkjanna um endurnýjanlega orkugjafa vinna nú að prófunum á nýrri tækni til að virkja sólarorku. Markmiðið er að lækka kostnað við gerð og rekstur sólarþega til raforkuframleiðslu og gera þá samkeppnishæfa við aðrar leiðir til orkuframleiðslu.

Ný gerð sólarþega, sem þróaðir voru af vísindamönnum við tæknimiðstöð Alcoa í Pittsburgh í Bandaríkjunum, voru nýlega settir upp til prófunar í Colorado í Bandaríkjunum, á prófunarsvæði rannsóknamiðstöðvar um endurnýjanlega orkugjafa. Ætlunin er að prófa getu þeirra til að framleiða orku og meta hvernig hönnun þeirra reynist í samanburði við eldri tækni. Þeir sólarþegar sem nú eru á markaði nota flestir glerþega til að safna sólarorku og breyta henni í hitaorku. Hitinn er síðan nýttur til að framleiða rafmagn með hefðbundinni túrbínu. Einn af kostum sólarþega umfram sólarcellur, er að hægt er að geyma sólarorkuna sem þeir beisla sem varma



og nýta hann til rafmagnsframleiðslu þegar þörf er á.

Háglans-ál er notað í stað glers í sólarþeglum sem Alcoa hefur þróað. Þeir eru um það bil 12X6 metrar á stærð. Álið er bæði endingarþetta og umhverfisvænna en brothætt gler. Hönnun Alcoa á sólarþeglum byggir á þróun fyrirtækisins á íhlutum fyrir flugvéla- og bílaíðnaðinn og tók mið af því að búnaðurinn hentaði til fjöldaframleiðslu.

Verkefnið er fjármagnað að hluta með 3,1 milljóna dala styrk frá orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna. Búið er við fyrstu niðurstöðum prófananna um mitt þetta ár og að því loknu taka við frekari rannsóknir.

Alcoa hefur lengi verið leiðandi á sviði sjálfbærra lausna fyrir viðskiptavinum sínum. Hægt er að endurvinna ál aftur og aftur og það á þess vegna vel við að nota það við græna orkuframleiðslu.

Gulleggið 2010

Fyrirtækið Remake Electric hlaut frumkvöðla-verðlaun Innovit, Gulleggið, fyrir tækni Rafskynjarann.

Um er að ræða nýja gerð raföryggja til nota á heimilum og í fyrirtækjum sem hefur það umfram núverandi gerðir að það greinir álag og því er hægt að fylgjast með breytingum sem geta stafað af biluðum og slitnum tækjum. Fari álag upp að þolmörkum öryggisins gefur það frá sér viðvörunarhljóð.

Stofnendur Remake hlutu milljón króna peningaverðlaun, veglega ráðgjöf frá Innovit og verðlaunagripinn Gulleggið. Kátrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin við fjölmenna athöfn á Háskólatorgi.

Alls bárust í keppnina 295 viðskiptahugmyndir, af þeim voru valdar 11 sem kepptu til úrslita.

Í fyrsta sæti varð Remake Electric, í því öðru varð Brand Capital og í þriðja Nude Magazine. Sérstök útflutningsverðlaun í boði Útflutningsráðs hlaut fyrirtækið FaFu.



Verðlaunagripurinn var í ár hannaður af Ásdísi Jörundsdóttur sem er á lokaári í vöruhönnun í Listaháskóla Íslands.



Félagsfundur um samningaferli ESB

framhald af forsíðu

Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka sprotafyrirtækja, sagði frá kynnisferð 13 frumkvöðla í höfuðstöðvar ESB í Brussel í mars. Þrettán manns úr ólíkum greinum hittu fólk, sátu fyrirlestra og fræddust um Evrópusambandið. Meðal þeirra sem þau hittu var Joanna Drake lögfræðingur frá Möltu sem sagði þeim frá hvernig aðildarferlið hefði gengið fyrir sig þar. Malta lagði inn umsókn árið 1990 og gekk í sambandið fjórtán árum síðar. Joanna sagði þetta hafa verið mikið þroskatímabil fyrir samfélagið sem varð opnara og lýðræðislegra, auk þess sem stjórnsýslan varð betri. Hún ráðleggur Íslendingum að vera heiðarleg í allri umræðu um málið og fræða fólk markvisst og fordómalaust. Hópurinn hitti líka samninganefnd ESB, í samtölum þeirra kom fram að Íslendingar þyrftu að vanda vel til verka að skilgreina og rökstyðja kröfur sínar. Svana lagði áherslu á mikilvægi þess að atvinnulífið tæki fullan þátt í þeirri umræðu.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra í Brussel og aðalsamningamaður Íslands hóf mál sitt með að lýsa ánægju yfir að fá tækifæri til að ræða þessi mál við fundargesti.

Ísland enn í umsóknarferli

Ísland er stadd í umsóknarferli ennþá, ráðherraráð ESB þarf að samþykkja að hefja viðræður og þá fyrst verður viðræðum formlega ýtt úr vör. Fyrsta skrefið er að fara yfir löggjöf Íslands og bera hana saman við löggjöf ESB og skilgreina hvað ber á milli. Undirbúningur að því er í fullum gangi í samningahópum. Í framhaldi af því þarf að skilgreina hvað við ætlum að leggja til ákveðinna mála og málaflokka. Þegar samningur liggur fyrir er hann lagður fyrir þjóðina.

Sjávarútvegur mikilvægur

Stefán telur að sjávarútveginn verða stærsta málið. Þar séu miklir hagsmunur sem þurfi að tryggja. Meðal annars að reglur ESB um hlutfallslegan stöðugleika verði virtar. Ennfremur þarf að tryggja að útlendingar geti ekki keypt skip og aflaheimildir og flutt arðinn af auðlindinni úr landi.

Sérsviðnar lausnir

Landbúnaðurinn og byggðamál verð líka mikilvæg og stór verkefni. Stefán telur allar líkur á að okkur takist að semja um sérsviðnar lausnir eins og mörg nágrannalönd okkar hafa gert, auk þess sem miklir möguleikar liggja í því hversu strjálbýlt landið er.

Uptaka evru

Myntsamstarfið er afar mikilvægt mál fyrir Ísland og ljóst að í aðildarviðræðum verður allra leiða leitað til að koma á stuðningi ESB við krónuna. Stefán telur einsýnt að einu valkostir okkar séu að taka upp evru með aðild að ESB eða viðhalda krónu. Verði síðarnefndi kosturinn raunin vakna upp áleitnar spurningar um tilveru okkar í EES-samningum.

Engin áhrif á orkuauðlindir

Stefán ræddi lítilega um auðlindirnar og segir aðild að ESB engu breyta um rétt til vatns og vatnsfalla. Stærsti hluti orkulinda Íslands séu í opinberri eigu og þær megi ekki framselja til einkaaðila. Evrópusambandið skiptir sér ekki af því og hefur ekki heimild til að taka orkuauðlindir okkar.

Áhrif innan ESB

Hvað áhrifaleysi eða afsal fullveldis varðar segir Stefán það einföldun að horfa á það út frá atkvæða- og þingmannafjölda. Í flestum atvikum eru mál

afgreidd með málamiðlun og atkvæði sjaldan greidd. Hann benti jafnframt á að þótt Ísland sé lítið land þá séum við mjög stór á vissum sviðum innan ESB svo sem í sjávarútvegi og áliðnaði. Þegar svo háttar hefur það í för með sér áhrif.

Vandað til verka

Að lokum nefndi Stefán gagnrýnissráðgjafi um að verið væri að sækja um aðild í óðagoti. Slík gagnrýni er að hans mati ekki réttlát, vandað væri vel til verka og þess gætt að farið sé vel með fjármuni. Það sé hins vegar ekki hans að svara áleitnum pólitískum spurningum.

Að erindum loknum var opnað fyrir mælendaskrá og tóku nokkrir fundargestar til máls. Meðal annars var fjallað um súrálstolla ESB sem munu hafa mikil áhrif á álframleiðendur, veikt pólitískt bakland og hvernig unnt sé að hraða ferlinu inn í myntsamstarf.

Fundurinn var vel heppnaður og ljóst að mikil þörf er á að ræða það ferli sem framundan er og gæta hagsmuna iðnaðarins og atvinnulífsins alls.

Nálgast má glærur Svönu og Stefáns Hauks á www.si.is.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
04. tbl. 16. árg. April 2010
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 19.4.2010
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Arnaldur Halldórsson bls. 3, Hemmi bls. 4.
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nýr framleiðslubúnaður í Bústólpa ehf.

Veigamikil endurnýjun á framleiðslubúnaði fer fram í fódurverksmiðjunni Bústólpa á Akureyri nú í vor. Með nýrri vinnslutækni tvöfaldast afkastageta verksmiðjunnar, unnt verður að framleiða orkuríkara og efnameira fódur miðað við rúmmál, ásamt því að fódurgildi þess eykst. Áfanginn er sá stærsti í þriggja ára endurnýjunaráætlun sem stjórn Bústólpa ákvað að ráðast í árið 2007 og hefur markvisst verið unnið eftir síðan.

Ný verksmiðja að breytingum loknum

„Í raun er um að ræða nýja verksmiðju að breytingunum loknum,“ segir Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri fódurverksmiðju Bústólpa á Akureyri en nýi búnaðurinn kemur til landsins í apríl og er undirbúningur uppsetningar þegar hafinn. Búnaðinum verður komið fyrir við hlið eldri framleiðslutækja verksmiðjunnar og stöðvast framleiðslan því óverulega á meðan skipt verður yfir.

Tvöföldun á afköstum

„Meðal þess sem við fáum í þessum áfanga er ný tækni til hitameðhöndlunar og vinnslu á fódurinu, ásamt nýjum vélbúnaði til kögglunnar og kælingar. Þetta er í rauninni hjartað í fódurframleiðslunni og ræður miklu um gæðin á því fódri sem kaupandinn fær og eykur einnig á öryggi framleiðslunnar gagnvart hugsanlegu örverusmiti,“ segir Hólmgeir.

Sú tækni sem hér er um ræðir er svokölluð „expandertækni“ en með þeim búnaði er fódurblandan háhituð í skamman tíma við mikinn þrýsting. Með þessu næst ekki bara örygg hitun heldur einnig aukið fódunargildi sem m.a. felst í betri nýtingu sterkju og próteina við fódunina sjálfa. Þá tryggir þessi meðhöndlun einnig minnsta mögulega tap vítamína við vinnsluna. „Þessi tækni hefur einnig mjög jákvæð áhrif á köggla-gæði fódursins. Með nýju vinnslulínunni tvöföldum við einnig afköst verksmiðjunnar og skiptitími milli tegunda verður til muna minni. Þessir þættir eru ráðandi um bættar arðsemi vinnslunnar,“ segir Hólmgeir.

Endurnýjun á öllum sviðum

Fyrsti hluti þriggja ára endurnýjunar verksmiðju Bústólpa fólst í uppsetningu á nýjum rafbúnaði og stýrikerfi verksmiðjunnar, nýr rykhreinsibúnaður var settur upp í kornhlöðu, löndunarbúnaður



Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri

var endurnýjaður, sem og starfsmanna-aðstaða. Viðgerð fór fram á húsnæði og unnið var að endurbótum á lóð og umhverfi.

Kostnaður við endurbæturnar segir Hólmgeir óverulegan miðað við ávinninginn og aðeins lítið brot af því sem kostað hefði að reisa nýja verksmiðju frá grunni.

„Með þessum endurbótum og breytingum horfum við til framtíðar þar sem þetta gerir okkur kleift að framleiða há-gæðafóður með öryggi og arðsamari hætti en áður. Bústólpi mun hér eftir sem hingað til leggja höfuðáherslu á vandaða framleiðslu og þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækisins. Með endurnýjun á verksmiðjunni erum við enn betur í stakk búin til þess,“ segir Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa.



Plastprent opnar verslun

Plastprent hefur opnað nýja verslun að Fosshálsi 17-25 í Reykjavík. Nokkrir innlendir framleiðendur og heildsalar eru í samstarfi við félagið í kringum verslunina, m.a. Oddi, Papco, Besta, Takk Hreinlæti o.fl. smærri aðilar. Nýja verslunin hefur fengið nafnið Umbúðin.

Eins og nafnið ber með sér selur verslunin allar gerðir af umbúðum en ýmis önnur rekstrarvara til stórra sem smærri fyrirtækja eða heimila er til sölu í versluninni.

Lögð er áhersla á íslenska framleiðslu og samkeppnishæf verð. Að sögn Sigurðar Þorvaldssonar sölustjóra Plastprents hefur verið lögð áhersla á að vinna með viðskiptavinum félagsins og eftir fremsta

Nemendur í Tækniskóla Íslands - skóla atvinnulífsins sigruðu í forritunarkeppni



Um níutíu framhaldsskólanemar tóku þátt í forritunarkeppni framhaldsskólanna síðustu helgina í mars. Tækniskólanemarnir Sveinn Fannar Kristjánsson og Jónatan Óskar Nilsson höfnuðu í fyrsta sæti í Alpha deild keppinnar en auk þeirra var Gabríel Arthúr Pétursson úr Fjölbrotaskóla Snæfellinga í sigurliðinu.

Keppnin fór fram í Háskólanum í Reykjavík og var haldin í samstarfi tölvunarfræðideildar HR, Nýherja og CCP.

Lið Fannars Ásbjörnssonar, Finnþoga Darra Guðmundssonar og Elvars Arnar Hannessonar varð í fyrsta sæti í Beta-deild keppinnar og lið Unnars Freys Erlendssonar og Bjarka Ágúst Guðmundssonar í fyrsta sæti í Delta-deildinni. Allir sigurvegarnir nema Gabríel eru nemendur í Tækniskólanum.

Markmið keppinnar er að efla og örva forritunaráhuga íslenskra ungmenna. Um níutíu framhaldsskólanemar tóku þátt í henni og reyndi á forritunarhæfileika þeirra og sköpunargáfu.



megni taka vörur inn í verslunina sem eru á einhvern hátt tengdar framleiðslu-afurðum fyrirtækisins. „Þannig mun Umbúðin t.d. bjóða upp á einhverjar tegundir af kaffi sem pakkað er í umbúðir framleiddar af Plastprenti“ segir Sigurður. „Verslunin hentar líka þeim sem eru að flytja eða pakka því þar verður hægt að fá allt á einum stað. Mikil þörf er fyrir þjónustu af þessu tagi og nú hafa viðskiptavinir greiðari aðgang að okkar vörum og þær verða mun sýnilegri“.



Aðalfundur MÁLMS: Nauðsyn á átaki til að fjölga iðnnemum

Á aðalfundi MÁLMS komu fram miklar áhyggjur af því að ekki væri eðlileg endurnýjun á fagmönnum í málm- og vél-tæknigreinum.

Tveir framkvæmdastjórar Alcan, þeir Ingólfur Kristjánsson og Gaukur Garðarson, fluttu afar fróðleg erindi um væntanlega enduruppbyggingu álversins, viðhaldsþjónustu og þá nýsköpun sem hún hefur leitt af sér um árabíl. Þessi nýsköpun hefur leitt til útlutnings aðildarfyrirtækja MÁLMS á þróuðum vélum til annarra álfyrirtækja víða um heim. Möguleikar eru til að auka slíka framleiðslu ef rétt er haldið á málum.

Alcan stendur nú frammi fyrir því að stór hluti iðnaðarmanna í þessum greininni og fyrirtækjum um allt land til að auka áhuga ungs fólks á námi í greininni, stórbæta alla aðstöðu til verknáms í skólunum og fjölga hæfum kennurum.

Undir þessar áhyggjur Ingólfs og Gauks og kom fram að viðhald og nýsmíði annars staðar í málmíðnaði þarfnaðist mikils fjölda nýrra fagmanna á næstu árum í viðbót við þá sem fyrir eru.

Við blasa þrenns konar úrræði:

1. Flytja iðnaðarmenn til landsins.
2. Flytja verkefni til útlanda.
3. Mennta fagmenn í mun meira mæli en gert hefur verið.

Aðalfundurinn taldi einsýnt að taka verði á þessum málum af mikilli festu á næstu árum og knýja yfirvöld menntamála til að vinna með samtökum í greininni og fyrirtækjum um allt land til að auka áhuga ungs fólks á námi í greininni, stórbæta alla aðstöðu til verknáms í skólunum og fjölga hæfum kennurum.



Tímabundinn skattafrádráttur vegna viðhaldsframkvæmda

Nái nýtt frumvarp fram að ganga verður kostnaður vegna viðhalds fasteigna frádráttarþær frá skatti einstaklinga. Þetta er nýjung sem kemur til viðbótar 100% endurgreiðslu VSK af vinnu á byggingastað.

„Þetta er mikilvæg hvatning til einstaklinga sem hyggjast breyta eða bæta eigið húsnæði. Skattafslátturinn nýtist líka fyrir þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í frá áramótum og það er ekki eftir neinu að bíða fyrir þá sem hyggja á viðhaldsframkvæmdir“ segir Friðrik Ágúst Ólafsson hjá Samtökum iðnaðarins. „Við væntum mikils af þessu framtaki ráðherra og búumst við að margir nýti sér þennan skattafslátt og ekki spillir fyrir að auðvelt er að fá iðnaðarmenn til starfa. Þetta er tímabundin ráðstöfun og um að gera fyrir fólk í framkvæmdahug að grípa gæsina meðan hún gefst.“ segir Friðrik ennfremur.

Með þessu móti ætti að vera unnt að örva atvinnustarfsemi á sviði mannvirkjagerðar og um leið að draga úr svartri vinnu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að draga fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattstofni að ákvæðnu hámarki. Auk viðhalds fasteigna nær heimildin líka til vinnu vegna lóðaframkvæmda. Heimild þessi mun koma til frádráttar tekjuskattstofni við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 vegna tekjuáranna 2010 og 2011, að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi eða 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Friðrik segir rétt að ítreka að verði frumvarpið að lögum gilda ákvæði þess fyrir allar framkvæmdir á þessu ári og því næsta. Það sé því engin ástæða að bíða með framkvæmdir eftir því að lögin taki gildi.

Nemakeppni Kornax 2010

Hin árlega Nemakeppni Kornax var haldin í 13. sinn í mars í Hótel- og matvælskólanum í Kópavogi. Markmiðið með keppninni er að efla faglegan metnað í bakaraíðni og hvetja bakaranema til nýsköpunar og til að temja sér öguð vinnubrögð. Að henni standa Hótel- og matvælskólinn í Kópavogi, Landssamband bakarameistara, Klúbbur bakarameistara og Kornax sem er aðalstuðningsaðili.

Þátttaka í nemakeppni Kornax 2010 var með besta móti, 8 þátttakendur skráðu sig til leiks og var keppnin jöfn og spennandi.


Sigurvegarinn í ár er Rebekka Helen Karlsdóttir frá Brauða- og kökugerðinni Akranesi. Snorri Stefánsson, Sauðárkróksbakarí varð í 2. sæti og Eiður Mar Júlíusson, Bakarameistararnum, í 3. sæti. Í verðlaun hlaut sigurvegarinn eignar-



bikar frá Kornaxi ásamt ferðavinningi og farandbikar frá Klúbba bakarameistara. Allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjal frá Kornaxi, Landssamband bakarameistara gaf síðan öllum þátttakendum og dómurum rós.

Dómnefnd skipuðu Sigrún Guðjónsdóttir yfirdómari frá Kornaxi, Björgvin Richter frá Kökubankanum og Kristján Sigurmundsson frá Sveinsbakarí.

Íbúðabyggingar 1995-2009



Heimild: Hagstofa Íslands

Hagtölur iðnaðarins 2010

Síðasti tíðin tuttugu ár hafa að jafnaði verið byggðar 1.900 íbúðir á hverju ári. Sú tala helst nokkurn vegin í hendur við eðlilega fjölgun landsmanna.

Pegar hæst lét árin 2005-2007 voru að jafnaði byggðar ríflega 4.000 íbúðir á ári og meiri kraftur í byggingariðnaði en nokkru sinni.

Birtingarmynd efnahagskreppunnar er óviðá skýrari en á fasteignamarkaði. Árið 2009 var aðeins hafin bygging á 208 íbúðum í landinu en lokið byggingu 898 íbúða frá fyrri árum.

Þrátt fyrir efnahagslægd og lækkandi fasteignaverð er ljóst að nokkur undirliggjandi þörf verður fyrir nýtt húsnæði á næstu misserum.



Iðnnám ... nema hvað?

Iðnaðurinn óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.
Verk- og tækninám er skynsamlegt og gefur fjölbreytt tækifæri.

Kíktu á NÁM OG STÖRF á idan.is

Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!



Samtök iðnaðarins



Breytingar á mannvirkja- og byggingasviði SI

Friðrik Á. Ólafsson sinnir verkefnum sem tengjast meisturum í bygginga- og mannvirkjagreinum og félögum þeirra.

Friðrik hefur hingað til sinnt Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félagi skrudgarðyrkjumeistara, auk annarra verkefna. Hann mun framvegis einnig sinna Meistarafélagi byggingamanna á Norðurlandi, Meistarafélagi Suðurlands og Málarameistarafélaginu.

Samtök iðnaðarins vinna að eflingu Meistaradeildar SI í náinni samvinnu við meistarafélögin. Friðrik mun hafa umsjón með því starfi.



LABAK styrkir Neistann

LABAK gekkst fyrir söfnun til styrktar Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna, í bakaríum um land allt dagana 5.-7. mars undir kjörorðinu: *Hjálparsnúðurinn – Látum gott af okkur leiða.* Þetta er í þriðja sinn sem félagið gengst fyrir landssöfnun með snúðasölu. Markmiðið með snúðasölnunni er að leggja þeim lið sem starfa að líknarmálum.

Í fyrra studdi félagið Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur með snúðasölnunni og í hitteðfyrra ABC barnahjálpi. Í hvort sinn söfnuðust um 900.000 krónur. Í ár var ákveðið að styrkja Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

Markmið Neistans er m.a. að auðvelda aðgengi foreldra að upplýsingum um hjartasjúkdóma barna og hjartagalla, meðferð þeirra, réttindi fjölskyldunnar, fjárhagslegan stuðning og mannlega þáttinn.

Alls safnaðist ein milljón króna með snúðasölnunni í ár og hefur upphæðin verið afhent Guðrúnu Bergmann Franzdóttur, formanni Neistans.